

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999. (Reglugerðin er fylgiskjal með þessari skýrslu.)

Lög nr. 40/1998, um breyting á lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., tóku gildi 1. ágúst 1998. Menntamálaráðherra skipaði nýja örnefnanefnd frá sama tíma til 31. júlí 2002.

Nefndin er þannig skipuð:

Ari Páll Kristinsson formaður.

Varamaður hans og varaformaður nefndarinnar: Stefán Karlsson.

Jónas Jónsson, tilnefndur af umhverfisstjórnuneyti.

Varamaður: Hrafn Hallgrímsson.

Svavar Sigmundsson, tilnefndur af stjórn Örnefnastofnunar Íslands.

Varamaður: Gunnlaugur Ingólfsson.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi:

Þórhallur Vilmundarson. Til vara: Guðrún Kvaran.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni;
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 26 fundir í örnefnanefnd á tímabilinu.

Nöfn býla

Örnefnanefnd bærust á tímabilinu 26 formleg erindi um ný nöfn býla. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 25 tilkynningar um ný nöfn sendar þinglýsingarstjórum en einu máli lyktaði án slíkrar tilkynningar.

Nefndinni bærust á tímabilinu fjögur formleg erindi um nafnbreytingar á býlum. Fallist var á eina nafnbreytingu en þremur erindanna var hafnað.

(Skrá um nöfn á býlum, sem tekin voru upp á tímabilinu, er fylgiskjal með þessari ársskýrslu.)

Örnefni á landakortum

Á tímabilinu úrskurðaði örnefnanefnd í þremur málum þar sem ágreiningur eða álitamál var um hvaða örnefni skyldu sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra. Örnefnanefnd úrskurðaði á þá leið að á slíkum landakortum skyldi standa Brúardalir (sem heiti á landsvæði milli Jökulsár á Brú og Kreppu ofan við bæinn Brú á Jökuldal, inn að jöklum), Hverfjall (í Mývatnssveit), Viðvíkurfjall (í Skagafirði).

Úrskurður nefndarinnar um Hverfjall var kærður til menntamálaráðuneytis sem staðfesti þá niðurstöðu örnefnanefndar að setja skyldi örnefnið Hverfjall á ný á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra en úrskurðaði jafnframt að Landmælingar skyldu setja innan sviga örnefnið Hverfell ásamt örnefninu Hverfjall.

Umsagnir um fyrirhuguð nöfn nýrra sveitarfélaga eða nafnbreytingar

Örnefnanefnd tók saman ýtarleg meginsjónarmið sem hún miðar við í umsögnum um nöfn sveitarfélaga. (Meginsjónarmið nefndarinnar eru í fylgiskjali með þessari skýrslu.)

Á tímabilinu veitti örnefnanefnd að beiðni sveitarstjórna umsagnir um nöfn 11 sveitarfélaga. Fjallað var um mismargar nafnatillögur frá hverju sveitarfélagi. Sjónarmið félagsmálaráðuneytis, sem úrskurðar um nöfn sveitarfélaga, eru í nokkrum atriðum önnur en meginsjónarmið örnefnanefndar og voru úrskurðir félagsmálaráðuneytis um nöfn sumra sveitarfélaga á tímabilinu aðrir en umsagnir örnefnanefndar gáfu tilefni til.

Lyngási 7, Garðabæ
7. mars 2000

ÖRNEFNANEFND

Ari Páll Kristinsson

formaður

Fylgiskjöl

1. Reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999
2. Skrá um nöfn á býlum sem tekin voru upp frá 1. ágúst 1998 til ársloka 1999
3. Meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga frá 27. ágúst 1998

Reglugerð **nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999**

Almenn ákvæði

1. gr.

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953 með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Kostnaður við störf örnefnanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Fundir örnefnanefndar og verkaskipting

2. gr.

Fundi örnefnanefndar skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til fundar og er það skylt ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess. Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað. Varaformann skal jafnan boða til funda og situr hann þá án atkvæðisréttar nema hann gegni starfi formanns í forföllum hans. Örnefnanefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jafnt sker atkvæði formanns úr.

Formaður stýrir fundum og undirritar bréf og önnur skjöl fyrir hönd nefndarinnar. Nefndin velur sér fundarritara sem skráir fundargerðir.

Verkefni örnefnanefndar

3. gr.

Verkefni örnefnanefndar eru:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;

2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;

3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;

4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni;

5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið;

6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;

7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga utan nefndarinnar ef þurfa þykir.

Nefndin birtir árlega skýrslu um störf sín og ákvarðanir og er heimilt að koma upp vefsíðu með þeim upplýsingum, sem hún telur við eiga, um nefndina og verkefni hennar. Nefndin sendir ár hvert Stjórnartíðindum til birtingar skrá um nöfn þau sem tekin hafa verið upp á árinu.

Örnefnanefnd skal í störfum sínum miða að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd og að því að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju.

Nöfn nýrra býla

4. gr.

Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal hafa nafn.

Eigandi skal tilkynna örnefnanefnd um nafn á nýbýli. Í tilkynningu eiganda skal hann greina frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali hans á nafni. Sé nafn dregið af staðháttum eða örnefni í nágrenni skal því lýst. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt eiganda á býlinu eða húseigninni.

Við nafngiftir býla skal þess gætt að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki má nafngjöf leiða til samnefna á fasteignum í sama umdæmi sýslumanns. Jafnframt skal sneiða hjá nöfnum sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í umdæminu að það geti valdið ruglingi.

Telji örnefnanefnd í ljósi framantalinna skilyrða ekkert athugasvert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra.

Nú telur örnefnanefnd að nafn, sem henni hefur verið tilkynnt, sé ónothæft eða andstætt nafngiftahefð og skal hún þá tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býlið. Þeirri tilkynningu skulu fylgja skýringar nefndarinnar á því hvað gerir nafnið óhæft eða óheppilegt og eftir atvikum leiðbeiningar um heppilegri nafngift.

Hafi málsaðili ekki valið nýtt nafn innan sex mánaða, tilkynnt það örnefnanefnd og hún fallist á, ber örnefnanefnd að úrskurða um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurð sinn sendir nefndin málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra.

Nafnbreytingar á býlum

5. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamatí ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar. Í beiðni til örnefnanefndar um nafnbreytingu skal eigandi skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlis verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa nema alveg sérstaklega standi á svo sem að býlið sé samnefnt öðru lögbýli í sama umdæmi sýslumanns eða því um líkt, t.d. að eldra nafn sé mjög óviðeigandi eða óheppilega myndað eða þannig að það geti skaðað þá starfsemi sem fram fer á býlinu.

Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Nafn á nýju þéttbýli eða þorpi

6. gr.

Nú myndast þéttbýli - þorp - í landi einhverrar jarðar eða jarða og er þá rétt að sveitarstjórn sækja um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til.

Örnefnanefnd sendir samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Þéttbýlisstaðir eða þorp, er myndast hafa í landi einnar eða fleiri jarða, geta fengið nafn af viðkomandi jörð ef það þykir ekki líklegt til að valda ruglingi eða óþægindum.

Nafnsetningar á landakort

7. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefnar sé ágreiningur eða álitamál um hvaða örnefni verða sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra. Málshefjandi skal ásamt úrskurðarbeiðni senda örnefnanefnd greinargóða lýsingu á ágreinings- eða álitæfninu.

Örnefnanefnd birtir auglýsingu um þau örnefni sem ágreiningur er um, þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi komi gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og dagblöðum og jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfisstjórnuneyti og félagsmálaráðuneyti. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli ábendingum og innan hvaða tímamarka. Frestur til að koma á framfæri vitneskju eða ábendingum skal ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

Örnefnanefnd fjallar um nafnsetninguna í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram kunna að hafa komið og úrskurðar í málinu þegar frestur til ábendinga er liðinn. Málsniðurstaða skal tilkynnt Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfisstjórnuneyti og félagsmálaráðuneyti sem og málshefjanda og öðrum þeim sem sent hafa nefndinni skriflega ábendingu um úrskurðarefnið eftir birtingu auglýsingar um það.

Ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga

8. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefndar ef ágreiningur rís um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags. Með úrskurðarbeiðni skal málshefjandi senda örnefnanefnd greinargóða lýsingu á ágreiningsefninu.

Örnefnanefnd auglýsir þau götunöfn eða sambærileg örnefni sem ágreiningur er um þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi komi gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og dagblöðum og jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfisstjórnuneyti og félagsmálaráðuneyti. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli ábendingum og innan hvaða tímamarka. Frestur til að koma á framfæri vitneskju eða ábendingum skal ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

Örnefnanefnd fjallar um nafnið í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram kunna að hafa komið og úrskurðar í málinu þegar frestur til ábendinga er liðinn.

Málsniðurstaða skal tilkynnt Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn, mennta-

málaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti sem og málshefjanda og öðrum þeim sem sent hafa nefndinni skriflega ábendingu um úrskurðarefnið eftir birtingu auglýsingar um það.

Nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi

9. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefndar ef ágreiningur rís um nafngift húss í kaupstað, kaптúni eða þorpi, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Málsniðurstaða skal tilkynnt eiganda og þinglýsingarstjóra.

Nafn sveitarfélags

10. gr.

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nýs nafns eða breytingar á eldra nafni, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um.

Nefndin skal skila rökstuddu álitinu sínu til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna innan þriggja vikna. Nefndin sendir afrit af álitinu sínu til félagsmálaráðuneytis.

Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og íslenskri málvenju.

Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Birting úrskurðar

11. gr.

Þegar úrskurður örnefnanefndar í máli er tilkynntur skal honum að jafnaði fylgja rökstuðningur. Það á þó ekki við ef umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti. Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem úrskurðurinn er byggður á. Einnig skal aðila skýrt frá rétti hans til að skjóta úrskurðinum til menntamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Að því marki, sem úrskurðurinn byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Gildistaka

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl., og með hliðsjón af 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1999

Björn Bjarnason

Árni Gunnarsson

Skrá um nöfn á býlum sem tekin voru upp frá 1. ágúst 1998 til ársloka 1999, sbr. 8. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, og reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Stekkur. Úr landi Morastaða í Kjós.
Sólbyrgi. Sameinuð jörð Dalbæjar og Sólbyrgis í Borgarfirði.
Borgir. Nafnbreyting. Áður Haugar, í Stafholtstungum í Borgarfirði.
Fossabrekka. Úr landi Miðfossa í Andakíl í Borgarfirði.
Stóra-Fjall II. Úr landi Stóra-Fjalls í Borgarbyggð.
Álfholt. Úr landi Marbælis í Skagafirði.
Klausturbrekka. Úr landi Reynistaðar í Skagafirði.
Krithóll II. Úr landi Krithóls í Skagafirði.
Lindabær. Úr landi Sólheima í Sæmundarhlíð í Skagafirði.
Melar. Úr landi Skúfsstaða í Hjaltadal.
Kinn. Úr landi Gilsbakka í Öxarfirði.
Skipalækur II. Úr landi Skipalækjar í Fellahreppi.
Teigasel I. Úr landi Teigasels á Norður-Héraði.
Hamarssel. Sameinuð jörð Hamarssels og Veturhúsa í Djúpavogshreppi.
Gilsbakki. Úr landi Ketilhúshaga á Rangárvöllum.
Rjúpnaveitir. Úr landi Merkihvols í Holta- og Landsveit.
Vörður (kv. ft.). Úr landi Flagbjarnarholts II í Holta- og Landsveit.
Fossmúli. Úr landi Votmúla í Flóa.
Birkikinn. Úr löndum Lækjarbrekku og Steinsholts II í Gnúpverjahreppi.
Heiðargerði. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.
Knarrarholt. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.
Dalbrún III. Úr landi Stóra-Fljóts í Biskupstungum.
Sunnufliot. Úr landi Reykjavalla í Biskupstungum.
Rauðilækur. Úr landi Gljúfurárholts í Ölfusi.
Sunnuhvoll. Úr landi Hvols I í Ölfusi.
Steinar. Úr landi Svínavatns í Grímsnesi.

Meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga, 27. ág. 1998

1. Athuga ber að hér er um að ræða opinbert stjórnsýsluheiti en nöfn landsvæða eða byggðarlaga, sem fyrir eru innan sveitarfélags eða í nágrenni þess, ættu hvorki að þurfa að breytast né leggjast af með tilkomu nýs stjórnsýsluheitis.
2. Forðast skyldi að ný stjórnsýsluheiti geti útilokað, þrengt að eða raskað á annan hátt merkingu eða notkun rótgróinna heita sem tengjast svæðum eða byggðarlögum innan sveitarfélags, nágrannasveitarfélags eða héraðs.
3. „Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju,“ segir í 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Stjórnsýsluheiti eru að jafnaði mynduð með hliðsjón af einhvers konar kerfi, ekki síst þannig að eftirliður sambærilegra heita sé ávallt eða oftast hinn sami og beri með sér um hvers konar stjórnsýslueiningu er að ræða. Slíkt kerfi er til hagræðis fyrir málnotendur og þeir átta sig betur á að um sé að ræða stjórnsýsluheiti.

Dæmi: Nöfnin *Hraungerði* og *Gaulverjabær* mynda með eftirliðnum *-hreppur* stjórnsýsluheitin *Hraungerðishreppur* og *Gaulverjabæjarhreppur*; nöfnin *Akureyri* og *Hafnarfjörður* mynda með eftirliðnum *-bær* stjórnsýsluheitin *Akureyrarbær* og *Hafnarfjarðarbær* o.s.frv.

Örnefnanefnd mælir með þessari aðferð enda hefur hún gefist vel í nöfnum stjórnsýslueininga hér á landi og erlendis (sbr. t.d. eftirliðinn *kommune* í Danmörku).

A. Fyrri liður heitis á sveitarfélagi:

Fyrri liður sé hefðbundið nafn eða nýtt nafn sem sérkennir svæðið eða hluta þess.

B. Síðari liður heitis á sveitarfélagi:

B.1. Eftirliðurinn *-hreppur* sé hafður um öll dreifbýlissveitarfélög (enda þótt innan þeirra séu lítil þorp eða kaupún) en hann á þó einkum við þar sem meginhluti byggðar í sveitarfélagi er dreifbýli.

B.2. Eftirliðurinn *-byggð* sé hafður þar sem svo háttar til að í sveitarfélagi er í senn allnokkurt dreifbýli og eitt eða fleiri stór þéttbýlissvæði.

B.3. Eftirliðurinn *-bær* sé hafður um sveitarfélög þar sem byggðin er að mestu eitt samfellt stórt þéttbýlissvæði.

B.4. Eftirliðurinn *-borg* sé aðeins hafður um mjög stórt samfellt þéttbýlissvæði (t.a.m. á borð við hið samfellda þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu).

Ef til er rótgróið örnefni um það svæði sem nýtt sveitarfélag tekur til og ekki þykir eiga við að nota einhvern þessara eftirliða (*-hreppur*, *-byggð*, *-bær*, *-borg*) kemur til álita að gera hinn nauðsynlega greinarmun á landsvæði og sveitarfélagi með því að bæta orðinu *sveitarfélag* framan við gamla heitið á byggðinni.